

LÖGMANNABLAÐIÐ

12. árgangur / desember / 4/2006

Gleðileg jól



- Nýlegir dómar
- Aðgerðir gegn peningabætti
- Málþing um auðlindarétt og auðlindanýtingu



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Fagtengt efni

Ingimar Ingason:

Ný lög um aðgerðir gegn peningabætti o.fl.

6

Katrín Theodórsdóttir:

Málþing um auðlindarétt og auðlindanýtingu

11

Arnfríður Einarsdóttir:

Heimsókn í Hæstarétt Kaliforníu

16

Sigríður Rut Júlíusdóttir:

Athugasemdir starfshóps LMFÍ
við skýrslu nefndar um málskostnað
í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð

22

Ingimar Ingason:

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna

27

Þorsteinn Einarsson:

Hálkudómur í Hæstarétti

34

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson:

Dolly-dómurinn

36

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:

Frá ritstjórn

4

Helgi Jóhannesson:

Pistill formanns

20

Eyrún Ingadóttir

Fréttir frá félagsdeild

32

Á léttum nótum

Sögulegt meistaramót LMFÍ í knattspyrnu:

Nýtt nafn á bikarinn!

14

Sagan öll: San Francisco í máli og myndum

18

Af Merði lögmanni

29

Margrét Gunnlaugsdóttir:

Félag kvenna í lögmennsku: Hugarflug og tengslafundur

31

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-7057

Netfang: (E-mail): lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttur hdl.,

Sigurður Arnalds hrl.,

Svanhvit Axelsdóttir hdl.,

Tómas Eiríksson hdl.,

Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMADUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Helgi Jóhannesson hrl., formaður

Helga Jónsdóttir hdl., varaformaður

Ástríður Gísladóttir hdl., ritari

Stefán Geir Þórisson hrl., gjaldkeri

Lárentsínus Kristjánsson hrl., meðstjór-
andi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri

Eyrún Ingadóttir félagsdeild

Hjördís J. Hjaltadóttir ritari

Forsiðumynd: Eitt af einkennistáknum

Reykjavíkur er Sólfarið sem stendur

við Sæbrautina. Jólasveinar voru þar á

ferð um daginn, nýkomnir úr Esjuhlíðum

og tilbúnir að gleðja börnin. Ljósmynd:

Lagakrækir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn

kr. 2.000 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 700 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.,

Sími 533 4440

ISSN 1670-2689

Langflottastur í lit...

nashuatec

Gæðatæki á verði
sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu
rekstrarkostnaðinn með nýrri vél
frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða í svart/hvítu,
skannaðu og faxaðu með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar og
sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt
fyrirtæki.

Fremstir í prenttækjum frá 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-B 588 900C

www.optima.is



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

Kröfur til lögmanna og starfsumhverfi eru sífellt að breytast. Eins og fram kemur í þessu tölublaði taka ný lög um aðgerðir gegn peningaþvætti gildi þann 1. janúar næstkomandi og gera þau umtalsvert meiri kröfur til lögmanna en nú er. Reglur um málskostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð eru í endurskoðun en fjallað er um athugasemdir starfshóps Lögmannafélagsins um þær tillögur sem settar hafa verið fram í blaðinu. Grunaðir, rannsakendur og ákærvald keppast um að tjá sig um rannsóknir meintra brota í fjölmiðlum eins og fram kemur í pistli formanns. Hann bendir réttilega á að hætt er við að umræðan skaði tiltrú almennings á réttarkerfinu í heild sinni geti menn ekki nálgast málin af hlutlægni og yfirvegum. Þar sé komið að hlutverki okkar lögmanna. Það sé ekki einungis réttur okkar heldur skylda að taka þátt í umræðunni og sigta út ágreiningsatriðin sem varða réttarkerfið sjálft, skilvirkni þess og trúverðugleika. Lögmannaþingið gegnir þar hlutverki sem vettvangur virkrar umræðu um réttarframkvæmd og dóma. Það er stefna ritstjórnarinnar að hvetja til slíkrar umræðu á síðum blaðsins. Í þessu tölublaði er svo dæmi sé tekið að finna umfjöllun um tvo nýja dóma Hæstaréttar. Þá er hér einnig að finna ýtarlega umfjöllun um málþing Lögmannafélagsins og Dómarafélagsins um auðlindarétt og auðlindanýtingu. Málþingum og fundum um lögfræðileg efni hefur fjölgað mjög í seinni tíð en þar fer einnig fram mjög

mikilvæg umræða um lögfræðileg málefni og réttarframkvæmd sem ritstjórnin telur rétt að segja frá í blaðinu.

Ritstjórnin hefur það einnig á stefnuskrá sinni að fjalla ítarlega um starfsumhverfi lögmanna á næsta ári, bæði þeirra sem starfa á lögmannsstofum og hinna sem eru hjá fyrirtækjum eða samtökum. Undirbúningur að þeirri umfjöllun er þegar hafinn. Lögmenn eiga því von á spurningum um rekstrarfyrirkomulag og fleiri atriði á næstunni. Könnunin verður rafræn og svörin órekjanleg. Vonast er til að að hægt verði að endurtaka könnunina reglulega og fylgjast þannig með þróuninni innan greinarinnar. Verulegar breytingar hafa þegar orðið á starfsumhverfi lögmanna, m.a. með samruna og stækkun lögmannsstofa og aukinni menntun og sérhæfingu. Ætla má að sú þróun muni halda áfram. Fjölgun lögfræðinga og aukin breidd í námi þeirra mun væntanlega einnig hafa áhrif. Systursamtökin á Norðurlöndum gera reglulega slíkar kannanir og sækja þangað mikilvægar upplýsingar um stöðu greinarinnar. Er gjarnan vitnað til þeirra í umfjöllun í þarlandum lögmannaþingi. Umræðan verður þannig markvissari. Þótt tilfinningin ein sé góðra gjalda verð er betra að byggja á staðreyndum og vita um þær hreyfingar sem eru á hverjum tíma innan greinarinnar og hvert við stefnum.

Með ósk um gleðileg jól og gott nýtt ár.

→ IDEAL PAPPÍRSTÆTARAR

- ÞÝSK ÚRVALSFRAMLÆIÐSLA -

Í heimi tölvusamskipta og rafrænna upplýsinga er meira prentað út á pappír af viðkvæmum upplýsingum en nokkru sinni fyrr. Margt af því sem fleygt er í ruslakörfuna, kann einmitt að geyma slíkar upplýsingar.

DIN staðall 32757 tilgreinir 5 mismunandi öryggisþrep í meðferð skjala og mælir með tætingu, í samræmi við mikilvægi eða viðkvæmni þeirra.

IDEAL framleiðir tæki sem mæta þessum kröfum.



→ IDEAL 2260

→ IDEAL 2402

→ IDEAL 2501

→ IDEAL 2603

→ IDEAL 3803

5 ára ábyrgð á skuðarvölsum.



hvitlist
Krókhálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 569 1900 • www.hvitlist.is

LAUSNIN ER **IDEAL**



Ingimar Ingason

Ný lög um aðgerðir gegn peningabætti o.fl.

Inngangur

Þann 1. janúar n.k. taka gildi hér á landi lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Um er að ræða innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins nr. 2005/60/EB sem byggð er á vinnu alþjóðlegs vinnuhóps FATF (Financial Action Task Force on Money Laundering). Tilskipunin hefur reyndar ekki verið felld inn í EES-samninginn enn sem komið er en íslensk stjórnvöld ákváðu hins vegar að innleiða hana um leið og nýjar reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Hertar kröfur til lögmanna

Nýju lögina gera umtalsvert meiri kröfur til lögmanna en þær reglur sem gilt hafa fram til þessa og mikilvægt fyrir félagsmenn LMFÍ að kynna sér vel efni þeirra. Með lögnum eru m.a. gerðar mun strangari kröfur um áreiðanleikakönnun lögmanna á umbjóðendum sínum, hvort heldur sem er áður en þeir taka að sér hagsmunagæslu fyrir þá eða á meðan slíkri hagsmunagæslu stendur. Einnig þurfa lögmenn að tilnefna sérstakan ábyrgðarmann úr hópi stjórnenda sem ber að annast tilkynningar til lögreglu. Lögmenn þurfa einnig að setja sérstakar skriflegar innri reglur, viðhafa innra eftirlit og gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur sem verða við framkvæmd verkefna fyrir umbjóðendur. Þá er lögmönnum

einnig skylt sjá til þess að starfsmenn þeirra hljóti sérstaka þjálfun. Hér á eftir verður reynt að stikla á stóru yfir þau atriði sem lögmenn þurfa sérstaklega að huga að í rekstri sínum til að uppfylla þær skyldur sem lögina leggja þeim á herðar en lögmenn eru jafnframt hvattir til að kynna sér þær nýju kvaðir sem lögina leggja á þá og ekki síður hvenær þær eiga við.

Gildissvið

Samkvæmt f. lið 1. mgr. 2. gr. laganna eiga þau við um lögmenn þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum og þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekktum aðilum. Eins og sjá má af þessari upptalningu ná lögina til mjög mikilvægra þátta í störfum lögmanna sem þeir koma að í hagsmunagæslu fyrir umbjóðendur sína.

Áreiðanleikakönnun

Kveðið er á um það í 4. gr. laganna að lögmönnum sem og öðrum tilkynningarskyldum aðilum beri að kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna við upphaf viðvarandi samningssambands

og eins vegna einstakra viðskipta að fjárhæð 15.000 evrur eða meira og gjaldeyrisviðskipta að fjárhæð 1.000 evrur eða meira. Skiptir þá ekki máli hvort þessi viðskipti fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hverri annarri. Samkvæmt ákvæðinu vaknar þessi könnunarskylda einnig þegar grunur leikur á um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka án tillits til undanþágna eða takmarkana af neinu tagi. Einnig þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

Jafnframt eru gerðar ítarlegar kröfur til þess að væntanlegir umbjóðendur upplýsi um tilgang fyrirhugaðra viðskipta og sanni á sér deili áður en samningssambandi er komið á. Einstaklingum er þannig gert að framvísa persónuskilríkjum sem gefin eru út af opinberum aðila en lögaðilum með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða álíka upplýsingum. Ber að varðveita ljósrit af persónuskilríkjum og öðrum þeim gögnum sem krafist er, eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim, í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum lýkur.

Reglubundið eftirlit

En það er ekki bara við upphaf viðskipta sem eftirlitskrafan er virk heldur er tilkynningarskyldum aðilum gert skylt samkvæmt 6. gr. laganna að hafa



Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Tryggðu þína ábyrgð og hringdu í síma **560 5000**.

Þar færðu allar nánari upplýsingar.



Þar sem tryggingar
snúast um fólk



reglubundið eftirlit með samnings-sambandinu við viðskiptamenn sína, til að tryggja að viðskipti þeirra séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar um þá. Reynist viðskiptamanni ekki mögulegt að fullnægja skilyrðum um upplýsingagjöf er lögmanni óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi. Þetta á þó ekki við um þau störf lögmannna sem snúa að athugun á lagalegri stöðu umbjóðenda sinna eða þegar þeir koma fram fyrir hönd þeirra í dómsmáli eða í tengslum við dómsmál þ.m.t. þegar þeir veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli.

Eins og sjá má af framangreindu gengur krafan um áreiðanleikakönnun nokkuð lengra en samskonar skylda samkvæmt siðareglum lögmannna þar sem kveðið á um það í 4. mgr. 8. gr. að lögmaður skuli ekki taka að sér verk efni fyrir skjólstæðing sem hann veit ekki hver er og að lögmanni beri í vafatilvikum að gera eðlilegar ráðstafanir til að afla vitneskju um skjólstæðing og að hann hafi heimild til að ráðstafa verkefninu.

Rétt er hins vegar að benda á að þrátt fyrir þær ríku kröfur sem gerðar eru til þess að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili áður en samningssambandi er komið á, er tímabundin frestun upplýsingaöflunar veitt í þeim tilvikum þar sem lítil hætta er talin á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Einnig er eftirlitsaðila veitt heimild til að opna bankareikning fyrir viðskiptamann

þrátt fyrir að skilyrðum um upplýsingar sé ekki fullnægt að því tilskildu að tryggt sé að færslur á hann verði ekki framkvæmdar fyrr en viðskiptamaður hefur sannað á sér deili.

Tilkynningarskylda og undanþága frá þagnarskyldu

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laganna er tilkynningarskyldum aðilum gert skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Gildir þetta einkum um viðskipti sem telja verður óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang. Þetta ákvæði nær þó ekki til upplýsingar sem lögmenn komast yfir við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings, þ.m.t. þegar þeir veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli eða upplýsingar sem þeir öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef þessar upplýsingar hafa bein tengsl við dómsmálið.

Samkvæmt 21. gr. laganna telst það ekki brot á þagnarskyldu sem tilkynningarskyldur aðili er bundinn lögum samkvæmt eða með öðrum hætt, þegar hann veitir lögreglu upplýsingar í góðri trú samkvæmt lögum þessum. Leggur slík upplýsingagjöf hvorki refs- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeig-

andi einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum þeirra. Með þessu ákvæði er gengið nokkuð nærri þeirri ríku trúnaðarskyldu sem á lögmönnum hvílir samkvæmt 22. gr. lögmannalaga nr. 77/1998, þar sem segir:

„Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.“

Núningur við trúnaðarskyldu

Trúnaðarskylda lögmannna er einnig áréttuð í 17. gr. Codex Ethicus, þar sem segir í 1. mgr. að lögmaður skuli aldrei án endanlegs dómsúrskurðar, sem beint er að honum sjálfum, eða skýlauss lagaboðs, láta óviðkomandi aðilum í té gögn og upplýsingar sem lögmaður hefur fengið í starfi, um skjólstæðing sinn eða fyrrverandi skjólstæðing.

Í sameiginlegri umsögn stjórnar Lögmannafélagsins og laganefndar LMFÍ um frumvarpið var sérstaklega bent á þennan núning upplýsingaskyldu laganna við trúnaðarskyldu lögmannna þar sem eftirfarandi áréttungu um trúnaðarskylduna var komið á framfæri:

„Um er að ræða grundvallarskyldu lögmannna sem teljast til opinberra sýslunarmanna, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 sem gegna mikilvægu hlutverki í réttarríki. Trúnaðarskylda lögmanns gagnvart skjólstæðingi sínum og það traust sem á henni byggir er forsenda þess að lögmaðurinn geti veitt

BISLEY

einfaldlega betri



Traustar skjalahirslur fyrir þig



BEDCO & MATHIESEN EHF

Bæjarhrauni 10 | Sími 565 1000 | Netfang: bedco@bedco.is
220 Hafnarfirði | Fax 565 1000 | www.bedco.is

skjólstaðingi sínum lögfræðilega ráðgjöf og því þungamiðja sambands lögmanns og umbjóðanda hans. Án vissu skjólstaðingsins um að fullkominn trúnaður ríki um þær upplýsingar eða gögn sem hann afhendir lögmanni sínum er þetta traust fyrir borð borið. Í ljósi mikilvægi trúnaðarskyldu lögmannna er lögð á það rík áhersla að undantekningar frá henni séu eins skýrar og afmarkaðar og unnt er.”

Þrátt fyrir þessa ábendingu virðist lögjafinn ekki hafa sé ástæðu til að fjalla sérstaklega um þetta atriði en hugsanlega mun það verða gert í reglugerð, sem viðskiptaráðherra er heimilt að setja um framkvæmd laganna samkvæmt 28. gr. þeirra auk þess sem dómaframkvæmdin mun án efa leggja línurnar hvað þetta varðar í framtíðinni.

Tilnefning ábyrgðarmanns, þjálfun, innri reglur og eftirlit

Samkvæmt 22. gr. laganna er tilkynningarskyldum aðilum skylt að tilnefna einn úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar til lögreglu og skal lögreglu tilkynnt um tilnefningu þessa ábyrgðarmanns. Þá ber tilkynningarskyldum aðilum skylda til að setja sér skriflegar innri reglur og hafa innra eftirlit sem miðar að því að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka. Skulu þeir m.a. sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í þeim tilgangi. Þá er öllum tilkynning-

arskyldum aðilum gert að gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur sem verða til við framkvæmd viðskipta í starfsemi þeirra.

Þá ber lögáðilum sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr. laganna einnig að búa yfir sérstöku kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum. Þessum aðilum ber jafnframt við ráðningu starfsfólks að setja sérstakar reglur um hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda um stöður hjá fyrirtækjunum og í hvaða tilvikum skuli krafist sakavottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.

Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt lögnum virkt eftirlit með því að tilkynningarskyldir aðilar fari að ákvæðum laganna. Felst eftirlitið m.a. í heimildum til að kalla eftir hvers konar gögnum auk heimilda til sérstakra athugana á starfsstöð. Láti aðili hjá líða að uppfylla skyldur sínar um afhendingu gagna getur Fjármálaeftirlitið lagt dagsektir á viðkomandi í samræmi við ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Viðurlög

Í viðurlagakafla hinna nýju laga, þar sem m.a. er kveðið á um sektir fyrir vanrækslu á tilkynningarskyldu, er einnig að finna athyglisverða refsheimild í 2. mgr. 27. gr., þar sem sönnunarbyrðinni er snúið við. Í ákvæðinu segir m.a. að þegar brot á lögnum er framið í starf-

semi lögaðila og í þágu hans megi gera lögaðilanum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðila. Jafnframt að hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður hans gerst sekur um brot á lögum þessum megi einnig gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Þá er í lögnum kveðið á um að vanræki tilkynningarskyldur aðili af ásetningu eða stórkostlegu hirðuleysi að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína skv. II. og III. kafla, vanræki tilkynningarskyldu eða aðrar skyldur skv. V. kafla eða að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem kveðið er á um í lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim, skuli hann sæta sektum.

Niðurlag

Lögmannafélagið hvetur félagsmenn sína til að kynna sér þessar nýju reglur og þær auknu kröfur sem gerðar eru til lögmannna í þeim. Jafnframt eru lögmennt hvattir til að setja upp þá nauðsynlegu verkferla, eftirlitsþætti og þjálfun starfsfólks sem kveðið er á um í lögnum, hafi þeir ekki þegar gert viðeigandi ráðstafanir. Lögmannafélagið stefnir að því að bjóða félagsmönnum upp á námskeið í byrjun næsta árs þar sem farið verður nánari ofan í einstakar skyldur laganna og hvernig best sé að uppfylla þær. Einnig hefur félagið ákveðið að setja upp leiðbeinandi reglur fyrir lögmennt þar sem finna má tillögur að útfærslu einstakra kvaða laganna.



METNAÐARFULLT OG NÚTÍMALEGT LAGANÁM

NÝJAR ÁHERSLUR - MARKVISST NÁM - MEIRI MÖGULEIKAR

- 3ja ára grunnám til BA gráðu (90 ein.)
- 2ja ára framhaldsnám til meistara gráðu (60 ein.)

Fullnaðarpróf í lögfræði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



Þrátt fyrir mikið framboð funda var málþingið afar vel sótt. Á annað hundrað manns komu á Þingvelli og hlustuðu á fyrirlesara.

Málþing um auðlindarétt og auðlindanýtingu

Lögmannfélag Íslands og Dómarafélag Íslands efndu til málþings á Þingvöllum föstudaginn 13. október þar sem fjallað var um auðlindarétt og auðlindanýtingu. Málþingið bar upp á heppilegum tíma þar sem stjórnskipuð auðlindanefnd hafði nýlokið við að kynna niðurstöður sínar.

Inntak auðlindaréttar

Kristín Haraldsdóttir, aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn, reið á vaðið með erindi þar sem hún fjallaði um inntak auðlindaréttur bæði í

alþjóðlegu samhengi og innan íslenska fræðikerfis lögfræðinnar. Hún takmarkaði umfjöllun sína við náttúruauðlindir og vísaði til hefðbundinnar skilgreiningar samkvæmt íslenskum rétti, þ.e. nýtanleg náttúrugæði sem lúta opinberum nýtingarreglum. Í máli Kristínar kom fram að auðlindaréttur snerti mörg réttarsvið, meðal annars eignarétt (s.s. eignaraðild, eignarform og eignaupptöku auðlinda), leit, rannsóknir og nýtingu svo og eftirlit með nýtingu og viðurlög. Réttarsviðið væri náskýlt umhverfisrétti enda þótt reglurnar væru sértækari og nálgunin ólík. Eigandastefna einkenni auðlindarétt á Íslandi en þróunin hin síðari ár hefði verið sú að hið opinbera hefur fengið aukið vægi við stjórnun nýtingarinnar.

Þekktar og nýtanlegar auðlindir

Karl Axelsson, hrl. og lektor við laga-deild Háskóla Íslands, fjallaði um þekktar og nýtanlegar auðlindir á íslensku forráðasvæði í erindi sínu, þar á meðal um skilgreiningar á jarðefnum, jarðhita og grunnvatni í 2. mgr. auðlindalaga, nr. 57/1998, og nýtingu þeirra. Í máli hans kom fram að heimildin til hagnýtingar auðlinda skv. 3. gr. laganna fylgir hinum hefðbundna nýtingarétti eignaréttar og verði því ekki takmörkuð án bóta. Hann sagði að vatnaskil hefðu orðið með nýjum auðlindalögum varðandi áratuga óvissu um staðfræðileg takmörk eignaréttarins en þar kemur fram að eignaréttur eiganda nái til auðlinda undir og



Fyrirlesarar á málþingi Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands um auðlindarétt. F.v.: Eyvindur G. Gunnarsson, Karl Axelsson, Elín Smáradóttir og Kristín Haraldsdóttir. Auk þeirra héldu Sif Guðjónsdóttir og Skúli Magnússon erindi.

yfir yfirborði jarðar. Eignaráð fasteignareiganda séu því ótvíræð samkvæmt lögnum en stýring auðlindanýtingar hafi hins vegar verið færð til stjórnvalda. Með þessu hafi efnisrétturinn verið styrktur og sé klárlega í höndum eiganda en formrétturinn veiktur þar sem ráðstöfunarréttur hafi verið færður yfir til ráðherra. Karl gerði grein fyrir niðurstöðum stjórnskipaðrar auðlindanefndar en í tillögum hennar er gert ráð fyrir verndar- og nýtingaráætlun til langs tíma sem lögð verði fram á Alþingi vorið 2010 og sérstakri aðferðarfræði við úthlutun nýtingarleyfa fram að þeim tíma. Þá er lagt til að forræði auðlindanýtingar á eignarlöndum verði flutt frá stjórnvöldum til eigenda.

Ný vatnalög

Eyvindur G. Gunnarsson, hrl. og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, fjallaði um aðdraganda að setningu nýrra vatnalaga og mismunandi sjónarmið sem uppi hafa verið varðandi eignarform og eignaréttarlegar heimildir rétthafa vatnsréttinda. Þá gerði hann grein fyrir hagnýtingarheimildum meiri háttar vatna samkvæmt nýjum vatnalögum nr. 20/2006, mismunandi rétthæð vatnsnota og takmörkunum á umráða- og hagnýtingarrétti landeiganda. Hann greindi frá því að í nýjum lögum væri tekið á eignarhaldi vatns með tilliti til hins sérstaka eðlis þess en reglur um stjórn og nýtingu færð yfir

í auðlindalög nr. 57/1998. Í máli hans kom fram að ákvæði um vatnsvernd í víðtækustu merkingu lúta fyrir málum annarra laga svo og ákvæði um óhreinun vatns og holræsi. Það var mat Eyvindar að ný neikvæð skilgreining eignaréttar í 4. gr. 1. nr. 20/2006 hefði ekki haft í för með sér efnisbreytingu en væri í raun staðfesting á reglum sem í gildi hafa verið þrátt fyrir mikla umræðu á alþingi við setningu laganna. Hann taldi helsta kost nýrra laga vera einföldun og samræmingu þar sem vatnsréttindi verði nú skilgreind með sama hætti og eignaréttur að öðrum náttúruauðlindum.

Stýring auðlindanýtingar

Elín Smáradóttir, lögfræðingur hjá Orkustofnun, fjallaði um stýringu auðlindanýtingar en með nýjum raforkulögum nr. 65/2003 var innleidd samkeppni í raforkuframleiðslu með afnámi einokunar Landsvirkjunar. Í lögnum hafi orkuöflun og dreifing raforku verið aðskilin, en ekki hafi verið tekin afstaða til hvort eigi að virkja, hversu mikið og hvenær. Elín lýsti yfir efasemdum um tillögu auðlindanefndar þess efnis að nefnd verði skipuð undir forystu forsætisráðherra sem geri tillögur um nýtingu eða verndun einstakra svæða á grundvelli rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Meðferð orkuauðlinda væri ekki svo frábrugðin annarri auðlindanýtingu að það kallaði á frábrugð-

ið stýrikerfi. Elín taldi farsælla ef fagráðherra gerði tillögu til þingsályktunar um orkunýtingu, byggða á rammaáætlun í samráði við hagsmunaðila að undangengnu umhverfismati sem yrði þá hluti landsskipulags nái hún fram að ganga.

Þjóðlendum í eigu ríkisins

Eftir hlé fjallaði Sif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Óbyggðanefndar um þjóðlendum. Hún gerði grein fyrir efni þjóðlendlaga nr. 58/1998 með síðari breytingum þar sem þjóðlendum er lýst sem landsvæði í eigu íslenska ríkisins þó svo að einstakir aðilar kunni að eiga þar afnotarétt. Í máli hennar kom fram að lögin gerðu ráð fyrir beinum eignarétti íslenska ríkisins að þjóðlendum en forsætisráðherra fari með hin sameiginlegu gæði sem vörslumaður. Nýting vatns- og jarðhitaréttinda sé í höndum forsætisráðherra en nýting lands og landsréttinda sé háð leyfi hlutadeigandi sveitastjórnar. Sif sagði að þjóðlendum geti hæglega verið seldar og tók dæmi frumvarp til laga um heimild til að selja Landsvirkjun vatnsréttindi og land vegna Búrfellsvirkjunar sem nú liggur fyrir Alþingi.

Fiskveiðiréttur

Skúli Magnússon, héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskóla Íslands, rak lestina og fjallaði um fiskveiðirétt

Greinarhöfundur, **Katrín Theodórsdóttir (t.h.)** ásamt **Bjarnveigu Eiríksdóttur.**

í sjó. Skúli stiklaði á stóru yfir þróun fiskveiðiréttar á Íslandi frá almanna-rétti til séraréttar. Hann fjallaði um hvort hugtakið „sameign þjóðarinnar að nytjasofnum“ gæti fræðilega gengið upp. Af umfjöllun hans mátti ráða að hann teldi að hér væri ekki um beinan eignarétt að ræða heldur rétt til veiða eða nýtingar. Þá gerði Skúli grein fyrir eigin rannsóknum þar sem hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að fyrirvarinn í 3. tl. 1. gr. 1. nr. 38/1990 girði fyrir að eignaréttur í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar geti myndast. Þar er kveðið á um að úthlutun veiðiheimilda myndi hvorki eignarétt né óafturkallanlegt forræði yfir þeim. Hann greindi einnig frá gagnrýni annarra fræðimanna á þessar niðurstöður sínar.

Tímabært málþing

Málþingið var bæði málefnalegt og tímabært. Skipulagning þess var til fyrirmyndar þar sem tryggð var mismunandi nálgun viðfangsefnis sem kom í



veg fyrir endurtekningar þótt fjallað væri sama réttarsvið. Fróðlegt var að heyra um niðurstöður auðlindanefndarinnar og má gera ráð fyrir að tekist verði á um tillögur hennar á Alþingi í vetur, verði þær lagðar fram. Með hliðsjón af umræðum um vatnalögin síðasta vetur má gera ráð fyrir átökum um forræði á nýtingarréttinum.

Málþingið vakti upp margar spurningar eins og góð málþing eiga að gera svo sem hvert inntak eignaréttar íslenska ríkisins á þjóðlendum sé og hvað fel-

ist í þeirri hugsun að forsætisráðherra fari með sameignina sem vörslumaður þjóðarinnar. Spyrja má í því sambandi hvort misvittrar ríkisstjórnir geti í skjóli þingræðis ráðstafað þjóðlendum að vild eða hvort gæta verði hagsmuna eigandans við ráðstöfun eignarinnar. Þá mætti velta fyrir sér hvort rétt væri að festa eignaréttinn í stjórnarskrá lýðveldisins. Ljóst er að svör við spurningum sem þessum kalla á nýtt málþing.

Katrín Theodórsdóttir hdl.



Eftir málþingið var boðið upp á léttar veitingar. Ólafur Björnsson, Skúli Magnússon og Jón Finnbjörnsson.

Sögulegt meistaramót LMFÍ í knattspyrnu:

Nýtt nafn á bikarinn!

Föstudaginn 20. október s.l. fór fram í blíðskaparveðri hið árlega meistaramót LMFÍ í knattspyrnu utanhúss. Mótið fór fram á gervigrasvelli Frammara í Safamýrinni.

Mikill áhugi var á mótinu meðal félagsmanna og mættu sjö lið til leiks sem er metþátttaka. Er gaman að sjá hve hinir „yngri“ í félaginu hafa tekið við sér við knattiðkunina. Átta lið voru reyndar skráð til leiks en lið Lex og co. afboðaði þátttöku sína á síðustu stundu sökum skyndiákvörðunar faglegs framkvæmdastjóra Lex hf. um vinnufund.

Vegna liðafjölda var leikið í tveimur riðlum. Var riðlakeppnin jöfn og spennandi eins og sjá má á úrslitum.

A riðill:

- 1) Pacta.
- 2) Fullheimtan.
- 3) RogL.
- 4) Glettnir.

B riðill:

- 1) Logos FC.
- 2) Líndal.
- 3) Lögfræðistofa Rvk. á Mörkinni (LRM).

Riðill:

A: Pacta	-	Fullheimtan	1-3
A: RogL	-	Glettnir	0-5
B: Logos FC	-	Líndal	0-3
A: Pacta	-	RogL	0-3
B: LRM	-	Logos FC	2-3
A Fullheimtan-		Glettnir	1-2
B: Líndal	-	LRM	0-1
A: Pacta	-	Glettnir	2-2
A: Fullheimtan-		RogL	2-0

A riðill lokastaða:

Glettnir	2	1	0	9:3	7
Fullheimtan	2	0	1	6:3	6
RogL	1	0	2	3:7	3
Pacta	0	1	2	3:8	1

B riðil lokastaða:

Líndal	1	0	1	3:1	3
LRM	1	0	1	3:3	3
Logos	1	0	1	3:5	3

Lið Glettnis sigraði í A riðli en liðið er skipað starfsmönnum Glitnis banka. Lið Fullheimtunnar var í öðru sæti eftir hreinan úrslitaleik við gamla stórveldið Reynslu og Léttleika.

Í B riðli urðu öll lið jöfn að stigum

og markatalan réði hvaða lið komust í úrslit.

Undanúrslitaleikirnir voru sérlega spennandi og enduðu báðir í framlengingu. Lið Glettnis sigraði lið LRM með marki á síðustu mínútu framlengingar en í hinum leiknum sigraði lið Fullheimtunnar nokkuð óvænt sterkt lið Líndals, 3-1.

Var því ljóst að nýtt nafn yrði skráð á bikarinn en hingað til höfðu gömlu stórveldin Reynsla og Léttleiki og Grínarafélagið (Lögfræðistofa Reykjavíkur á Mörkinni) ein liða sigrað á mótinu.

Leikur Fullheimtunnar og Glettnis var fjörugur og spennandi en endaði með öruggum sigri þeirra Fullheimtumanna sem voru vel að sigrinum komnir. Samtals sigraði liðið í 4 leikjum og tapaði einum leik. Til hamingju með sigurinn Fullheimtumenn.

Ritnefndin.

Lið Glettnis (í rauðum búningum) tapaði gegn liði Fullheimtunnar (í ljósbláum búningum) í gríðarlega spennandi úrslitaleik.





Sigurlið Fullheimtunnar fagnaði gríðarlega óvæntum en verðskulduðum sigri á mótinu.

Undanúrslitaleikir

Glettnir - LRM 3-2 eftir framlengingu
 Fullheimtan - Líndal 3-1 eftir framlengingu

Úrslitaleikur

Fullheimtan - Glettnir 2-0

Leikið um 3ja sætið

Líndal - LRM 3-2 eftir vítakeppni



Smári Hilmarsson, formaður knattspyrnunefndar LMFÍ, afhenti með blendnum huga hinum unga og efnilega knattspyrnumanni, Oddgeiri Einarssyni fyrriliða Fullheimtunnar, bikarinn sem gömlu stórveldin Reynsla og Léttleiki og Grínarafélagið (Lögræðistofa Reykavíkur á Mörkinni) höfðu skipst á að hreppa um 11 ára skeið.



Lögmenn lögðu sig alla fram á knattspyrnuvöllinum við að spyrna boltanum í netið.



Hæstiréttur Kaliforníu.

Heimsókn í Hæstarétt Kaliforníu

Hópur lögmannna og gestir þeirra fóru í námsferð til San Francisco í byrjun september sl. Hópurinn heimsótti meðal annars Hæstarétt Kaliforníu.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari segir lesendum Lögmannablaðsins frá heimsókninni.

Það bólaði ekki á hinni alræmdu San Francisco þoku þegar við örkuðum af stað í Hæstarétt þriðjudagsmorguninn 5. september s.l. Himininn var skafheiður og sólin skein án afláts svo það var líkn að komast inn í skugga súlnaganganna fyrir framan útidyr dómstólsins. Þar biðum við góða stund áður en okkur var hleypt inn en þá tók við nákvæm öryggisgæsla þar sem töskur okkar og jakkar voru sett á færiband til gegnumlýsingar.

Að þessu loknu tók Frederick K. Ohlrich, sem ber titilinn Court Executive Officer, á móti hópnum og kynnti starfsemi dómstólsins. Hæstiréttur Kaliforníu var stofnaður 1849 og á upphafsárunum sátu þar þrír dómara, þar af var einn þeirra titlaður forseti dómsins. Nú eru hæstaréttardómaraþeir sex að tölu auk forseta

dómsins og eru þeir allir skipaðir af ríkisstjóranum til 12 ára í senn en þá skipan þurfa síðan atkvæðismenn alls staðar að úr Kaliforníu að staðfesta. Niðurstöður Hæstaréttar Kaliforníu eru bindandi fyrir alla dómstóla fylkisins en til dómstólsins berast mörg þúsund mál á hverju ári. Töluverður tími dómaraþinga fer í að meta hver þessara mála fá meðferð fyrir dómstólum. Dómaraþingir eiga þó ekkert val þegar kemur að dauðadómum enda er mælt fyrir um það í lögum að dómstóllinn taki öll slík mál til meðferðar og dómsálagningar.

Eftir að hafa veitt hópnum innsýn í starfsemi dómstólsins leiddi hinn gæðþekki Ohlrich okkur að dómsalnum þar sem við hugðumst hlýða á málflutning. Fyrir framan salinn stóðu ábúðarmiklir öryggisverðir vörð og



Hluti hópsins fyrir utan Hæstarétt.

enn á ný þurfti að setja töskur á gegnumlýsingarfæriband og losa vasana áður en gengið var í gegnum öryggishlið. Þá loksins var hópnunum treyst til að stíga fæti inn fyrir dyr glæsilegs dómsalar þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja.

Fyrir dóminum var flutt málið Barrett v. Rosenthal og áður en málflytningur hófst fengu viðstaddir afhenta litla bæklinga þar sem gerð var grein fyrir helstu ágreiningsatriðum þeirra sex mála sem taka átti fyrir þennan dag og þann næsta. Áður en dómarnir gengu í salinn gerði Ohlrich grein fyrir helstu reglum sem gilda um málflytning fyrir dómstólnum, svo sem eftir hvaða reglum væri farið þegar dómurinum sjö er skipað til sætis við dómaborðið og hversu langan tíma málflytjendur

hefðu til að flytja mál sitt auk þess sem hann fór nokkrum orðum um gríðarstórt freskumálverk sem blasir við yfir höfðum dómara.

Það vakti athygli mína að dómarnir spurðu málflytjendur spurninga um hin ýmsu atriði á meðan á málflytningi stóð. Þá voru dómarnir ófeimnir við að leggja fyrir málflytjendurna spurningar almenns eðlis sem virtust ekki snerta málið með beinum hætti. Allt fór vel fram og greinilegt að bæði

dómarar og málflytjendur eru vanir slíkri tilhögun. Eftir málflytninginn vorum við leidd í rúmgóðan fundarsal þar sem Ohlrich gaf okkur kost á að koma að enn fleiri spurningum sem hann svaraði vel og greiðlega.

Heimsóknin í Hæstarétt Kaliforníu var fróðleg og upplýsandi og var ferðin í heild vel skipulögð, fræðandi og skemmtileg – eins og góðar ferðir eiga að vera.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari.



Helgi Jóhannesson þakkar Frederick K. Ohlrich fyrir höfðinglegar móttökur í Hæstarétti.

Sagan öll!

San Francisco í máli og myndum

Víkuna 2. – 9. september fór 52 manna hópur á vegum LMFÍ til San Francisco. Meðal annars var farið í borgarferð, til Alcatraz og Napa dalsins sem er eitt helsta vínæktarhérað Kaliforníu.



Arnfríður Einarsdóttir og Brynjar Níelsson.



Helgi Sigurðsson og Edda Sigrún Ólafsdóttir



„Húsið á sléttunni“ sögðu sumir þegar systurnar, Lára og María Ingalls, birtust við rútuna í Napa dalnum. Í hlutverkum Láru og Maríu eru þær f.v. Margrét Gunnlaugsdóttir og Eyrún Ingadóttir.



F.v. Þórunn Guðmundsdóttir, Lilja Jónasdóttir og Katrín Jónasdóttir með Golden Gate í baksýn.



F.v. Ásdís Guðmundsdóttir, Guðný Björnsdóttir og Helga Jónsdóttir. Á bak við þær sést í Ástríði Jónsdóttur og Hildi Friðleifsdóttur.



Eitt af kennileitum San Francisco er Golden Gate brúin.



F.v. Erla S. Árnadóttir og Þórdís Bjarnadóttir á útsýnishæð í San Francisco. Eins og sjá má var þoka að læðast yfir borgina.



Jóhannes Albert Sævarsson lifir sig inn í vistina í Alcatraz. Athugið myndin er sviðsett.



Sigurbjörn Magnússon og Kristín Steinarsdóttir. Bak við þau sést í Hildi Friðleifsdóttur og Sturlu Friðriksson.



Sigurjón H. Ólafsson og Kristín Briem.



Helgi Jóhannesson hrl.

Opin fjölmiðlaumræða um ýmis þjóðfélagsmál er almennt af hinu góða, þ.e.a.s. ef hún fer fram af yfirvegum og þekkingu á viðkomandi málefni. Þá er hún líkleg til að vera uppbyggjandi og skila okkur með jákvæðum hætti fram á veg. Ýmis lögfræðileg málefni hafa verið mjög mikið til umræðu í fjölmiðlum á síðustu misserum. Það eru einkum rannsóknir meintra brota og opinberar saksóknir gegn áberandi fólki í viðskiptalífinu sem fangað hafa athygli fjölmiðlanna, eins og t.d samkeppnismál olúfélaganna, Baugsmál og fleira. Grunaðir, rannsakendur og ákærvald keppast við að tjá sig um málefni í blöðum og ljósvakamiðlum með misjafnlega vel ígrunduðum hætti svo mögum þykir nóg um enda öruggt að lang flestir landsmenn eru gersamlega búnir að tyna þræðinum í þessu öllu saman. Eftir stendur í augum þeirra sem standa utan innsta hringis, eða hafa ekki góða þekkingu á „kerfinu“, að þetta sé allt eitt stórt rugl með ekkert upphaf og engan endi. Sé þetta rétt ályktun er stórkostleg hættu á að tiltrú almennings á lögreglu, ákærvaldi, dómstólum og lögmönnum, þ.e. réttarkerfinu í heild sinni, minnki verulega ef umræðan er látin takmarkast við drullukökukast þeirra sem eru svo tengdir viðkomandi málum að þeir geta engan veginn nálgast þau af hlutlægni og yfirvegum.

Þarna er einmitt komið að hlutverki okkar lögmanna. Það er ekki einungis réttur okkar heldur beinlínis skylda að taka þátt í umræðunni. Ekki til að blanda okkur efnislega í einstök mál, eða ásakanir manna sem tengjast þeim, heldur til að sigta úr umræðunni ágreiningsatriðin sem varða réttarkerfið sjálft, skilvirkni þess og trúverðugleik og benda á það sem vel er gert eða betur mætti fara. Sem sagt, leggja orð í belg með efnislega uppbyggilegum hætti. Réttarkerfið er ekki einungis partur af því sem við höfum sérstaklega menntað okkur í, heldur erum við lögmenn beinlínis hluti af þessu kerfi og berum því enn ríkari skyldur af þeim sökum. Vel ígrunduð og upplýst umræða um þessi mál er eins og áður segir líkleg til að skila okkur fram á veg. Veg til enn betra og skilvirkara réttarkerfis.



GAGNAGEYMSLAN

**Við geymum
og þjónustum
skjölin þín!**

Smiðshöfða 1 • Sími 587 9800 • <http://www.gagnageymslan.is>



**Þú getur
fengið þá
á netinu!**

www.pmt.is

ALLAR GERÐIR STIMPLA



pmt
last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

RENATA ERLENDSSON
löggitur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h • 562 2562 v
GSM: 898 0904 • Fax: 562 2517

Reikningskilalæsi – ætlað lögfræðingum og lögmönnum

1. hluti - 1. febrúar 2007, kl. 13-17

Forsendur alþjóðlegu reikningskilastaðlanna (IFRS) við gerð ársreikninga

Farið er í grunnhugtök reikningskilanna, t.d. sérflokka ársreikningsins, þ.e. eignir, skuldir, tekjur og gjöld. Einnig er farið í grunnhugtökin rekstrarhæfi og efnahagsleg eining. Skoðuð verða reikningskil íslenskra fyrirtækja á hlutabréfamarkaði.

Markmiðið er að auka skilning og faglega þekkingu á grunnforsendum reikningskila fyrirtækja.

2. hluti - 22. febrúar 2007, kl. 13-17

Virðisimat rekstrar og fyrirtækja á hlutabréfamarkaði

Farið verður í helstu aðferðir við virðisimat fyrirtækja, t.d. sjóðstreymi, umframhagnað, arðgreiðslustefnu, virðishvata og gengi hlutabréfa. Virðisimat fyrirtækja er ekki einsleitt hugtak því það er háð þeim forsendum sem gefnar eru, t.d. ávöxtunarkröfu og áhættu.

Markmiðið er að auka faglega færni í að takast á við kaup eða sölu á fyrirtækjum eða í rekstri þeirra.

3. hluti - 15. mars 2007, kl. 13-17

Reikningskilasvik (Accounting Fraud)

Reikningskilasvik er ekki nýtt hugtak, en fékk sérstaka athygli þegar Enron varð gjaldþrota á sínum tíma. Reikningskil verða að uppfylla ákveðnar forsendur til þess að geta talist "a true and fair view" af rekstri og fjárhag. Út frá þessum forsendum verður fjallað um hvað eru reikningskilasvik og í hverju þau felast. Gerð verður grein fyrir 30 stærstu reikningskilasvikum í BNA og beinn kostnaður fjárfesta vegna þeirra.

Markmiðið er að auka skilning og faglega hæfni til að greina og skilja eðli reikningskilasvika.

Leiðbeinandi: Ek. Lic Einar Guðbjartsson, dósent við HÍ
Nánari upplýsingar um námskeiðin, einarg@intellecta.is
Verð: 21.500 kr. fyrir hvert námskeið. Takmarkaður sætafjöldi.
Skráning á námskeiðin: skraning@intellecta.is

"Þar sem hlutabréfamarkaðurinn hefur vaxið hratt undanfarin ár, kemur efni og innihald námskeiðanna að mjög góðum notum í starfi mínu sem lögmaður"
Eyvindur Sólnes hdl, LVA-Lögmenn við Austurvöll



intellecta

Lágmúla 6 108 Reykjavík
Sími 511 1225
intellecta@intellecta.is
www.intellecta.is



Sigríður Rut Júlíusdóttir hdl.

Athugasemdir starfshóps LMFÍ við skýrslu nefndar um málskostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð

Á síðasta ári skipaði dómsmálaráðherra nefnd til þess að skoða sakarkostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð. Í mars síðast liðnum kom út skýrsla nefndarinnar en í kjölfarið tilnefndi stjórn LMFÍ starfshóp til að fara yfir niðurstöður nefndarinnar og þær tillögur sem hún leggur fram. Undirrituð var tilnefnd í starfshópinn ásamt Sveini Andra Sveinssyni hrl. og Brynjari Níelssyni hrl. Starfshópurinn gerði ýmsar athugasemdir við tillögur nefndarinnar og verða þær helstu og alvarlegustu reifaðar hér.

Fyrirkomulag greiðslu

Nefndin gerir þá tillögu að til þess að minnka útgjöld vegna lögfræðikostnaðar í opinberum málum ættu lögreglustjórar að fara yfir reikninga lögmannanna með gagnrýnum hætti og að ekki yrði greitt fyrir verjendastörf (eða réttargæslu fyrir brotaþola) ef dómari skipaði síðar viðkomandi lögmann til að gegna starfi verjanda fyrir dómi. Þessi tillaga nefndarinnar verður ekki skilin öðruvísi en svo að lagt sé til að ákvörðun um þóknun verjenda, hvort sem þeir eru tilnefndir af lögreglu eða skipaðir af dómara, verði alltaf ákveðin í einu lagi fyrir vinnu á rannsóknarstigi og vegna meðferðar

máls fyrir dómi. Starfshópur LMFÍ telur óeðlilegt að vinna á rannsóknarstigi verði greidd löngu eftir að hún er unnin. Þegar verjandi er skipaður við rannsókn máls er verkþætti hans lokið við lok rannsókna. Í samræmi við bókhaldslög ber að gefa út reikning við lok verks eða verkþáttar, innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð. Ef rannsókn dregst á langinn eins og þekkt er og liggur jafnvel svo gott sem niðri svo árum skiptir ber verjanda sem öðrum að gera reikning án mikillar tafar fyrir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin. Einnig benti starfshópur LMFÍ á að líta bæri til fyrningalaga þar sem fyrningarfrestur byrji að líða við lok vinnu eða verkþáttar en ekki við útgáfu reiknings, sbr. fordæmi Hæstaréttar. Þar sem mörg dæmi eru þess að mál taki lengri tíma en 4 ár frá upphafi rannsókna þar til endanlegur dómur gengur telur starfshópur LMFÍ fráleitt annað en að þóknun verjenda verði ákveðin eftir framgangi mála þannig að ekki líði langur tími frá því að vinna er unnin þar til þóknun er greidd.

Lækkun tímagjalds og minna greitt fyrir útkall

Starfshópur LMFÍ gerði athugasemdir við þá örökstuddu tillögu nefndarinnar að setja ætti viðmiðunarreglur vegna

ákvörðunar þóknunar verjenda á rannsóknarstigi sem kveði á um lægra tímagjald en í viðmiðunarreglum dómstólaráðs. Starfshópur LMFÍ telur fráleitt að vinna verjenda á rannsóknarstigi sé á einhvern hátt léttvægari en störf verjenda við meðferð máls fyrir dómi.

Starfshópur LMFÍ mótmælti einnig þeirri örökstuddu tillögu nefndarinnar að við útkall eigi að greiða fyrir eina klukkustund í stað þriggja eins og nú er gert. Starfshópur LMFÍ bendir á að í gjaldskrár velflestra sérfræðinga sé gert ráð fyrir að greitt sé fyrir útkall 3-4 klukkustundir og að rök in á bakvið útkallsregluna séu þau að verjandinn þarf vegna útkalls að breyta sínum plönnum, fara úr öðru verki o.s.frv.

Kærandi afli læknisvottorða

Sérstakar athugasemdir gerði starfshópur LMFÍ við þá tillögu nefndarinnar að í málum sem varði brot á 217. gr. alm. hgl. ættu kærandur sjálfir að afla læknisvottorða. Starfshópur LMFÍ bendir á að rannsókn líkamsárasmála, eins og annarra sakamála, eigi að hvíla á herðum lögreglu og að ekki sé unnt að gera það háð efnahag hvort brotaþoli í minniháttar líkamsárasmálum getur stutt kærú sína gögnum. Sérstaklega benti starfshópur LMFÍ á að hætta væri á að vottorð lækna geti skekkst

ef kærandi aflar þeirra sjálfur, t.a.m. hvað varðar hugsanleg tengsl kæranda og þess læknis sem hann kys að leita til um útgáfu slíks vottorðs. Með þeim hætti væri réttaröryggi sakborninga ógnað. Í þessu sambandi minnir starfshópur LMFÍ á dóm Hæstaréttar í máli nr. 325/2003, svokallað málverkaföls-unarmál, þar sem lögð var áhersla á það hjá Hæstarétti að sönnunargögn í sakamáli stafi ekki frá aðilum sem tengdir séu brotþolum málanna.

Túlkapjónusta

Starfshópur LMFÍ gerir einnig athugasemdir við þær tillögur nefndarinnar að bjóða túlkapjónustu út. Bendir starfshópur LMFÍ á að yfirheyrslur taki skemmri tíma ef túlkur er vanur en mun lengri tíma sé hann óvanur. Hugsanlegur sparnaður við útboð á túlkapjónustu geti þannig leitt til slakari rannsóknar, verri réttarstöðu sakborninga og aukins kostnaðar í formi lengri vinnutíma lögreglumanna, sækjenda og dómara við tiltekin mál sem og til lengri tímaskýrslu verjanda og þ.a.l. hærri þóknunar hans. Slakur túlkur vinni lengur en vanur túlkur og rukki því fyrir fleiri tíma og fengi því þegar allt kæmi til alls meira greitt en vani túlkurinn. Þá vakti starfshópur LMFÍ athygli á því að skv. dómum Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) hvílir ekki einasta á aðildarríki Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sú skylda skv. e-lið 3. mgr. 6. gr. MSE að útvega sakborningi sem ekki skilur málið túlk heldur verður túlkurinn einnig að vera starfi sínu vaxinn.

Tímagjald verjanda

Nefndin á vegum ráðuneytisins leggur til að breytingar verði gerðar á lögum á þá leið að ákvörðun um tímagjald verjanda verði á forræði framkvæmdavaldsins en ekki á vegum dómstólaráðs eins og nú er. Við þessa tillögu nefndarinnar gerði starfshópur LMFÍ alvarlegar athugasemdir. Ef ákvörðun um fjárhæð tímagjalds verjanda verður á forræði framkvæmdavaldsins þá þarf að hafa í huga að ákærvaldið heyrir einnig undir framkvæmdavaldið, dómsmálaráðherra. Það verður að tel-

jast afar varhugaverð tilhögun að sami aðili ákvarði fjárhæð þóknunarverjanda og sé yfirmaður ákærvalds og skapar óeðlileg tengsl. Með slíkri tilhögun væri réttaröryggi sakborninga stefnt í hættu og telur starfshópur LMFÍ það blasa við að verjendur, sem eru einu talsmenn sakborninga, eigi að vera algerlega óháðir framkvæmdavaldinu sérstaklega þegar kemur að ákvörðun um þóknun þeirra. Tillaga nefndarinnar um forræði framkvæmdavaldsins á þóknun verjanda vegur því á alvarlegan hátt gegn réttaröryggi sakborninga og mannréttindum þeirra.

Tillaga um rammasamninga um verjendastörf

Þá leggur nefndin á vegum ráðuneytisins til að ríkisvaldið geri þjónustusamninga vegna lögfræðipjónustu. Ríkið myndi leggja fram rammasamning þar sem kveðið væri á um fagleg skilyrði þjónustunnar og sett fram grunntímagjald. Rammasamningur fælist síðan í því að lögmenn gerðu tilboð um hversu mikinn afslátt þeir gæfu af grunngjaldinu. Verður þessi tillaga nefndarinnar ekki skilin á annan veg en þann að sakborningum sem óska eftir verjanda verður einungis úthlutaður verjandi sem gert hefur slíkan rammasamning við ríkisvald-

id um þóknun sína, með afslætti, en aðrir lögmenn sem ekki hefðu gert slíkan rammasamning kæmu ekki til greina sem verjendur sakborninga. Starfshópur LMFÍ gerir alvarlegar athugasemdir við þessa tillögu enda hefði þá sakborningur í raun ekkert að segja um það hvaða verjandi myndi veljast til verksins. Telur starfshópur LMFÍ að slík tilhögun sé augljóslega á skjön við lög og alþjóðasáttmála og gróft brot gegn mannréttindum sakborninga. Er aðallega vísað til 6. gr. MSE en skv. greininni á sakborningur rétt á verjanda *ad eigin vali* til að gæta hagsmuna sinna. Í dómi MDE í máli Croissant gegn Þýskalandi kemur fram að við skipun verjanda skuli farið eftir ósk sakborninga og í álit Mannréttindanefndar Evrópu í máli Ensslin o.fl. gegn Þýskalandi kemur fram að heimildir aðildarríkja til að synja ósk sakborninga um tiltekinn verjanda að eigin vali eru afar takmarkaðar og þurfi m.a. að varða við öryggi ríkisins til að unnt sé að synja sakborningi um að fá þann verjanda sem hann óskar eftir. Starfshópur LMFÍ telur því ljóst að það standist ekki ákvæði MSE að synja sakborningi um verjanda að eigin vali vegna þess að sá verjandi hafi ekki gert einhvers konar rammasamning, með afslætti, við ríkisvaldið.



Sérsniðin enskuþjálfun fyrir lögmenn og löglærða.

Námskeið í Bretlandi eða Bandaríkjunum fyrir þá sem hafa góðan grunn í ensku, en vilja bæta stöðu sína og ná betri tókum á faglegu tungutaki og orðnotkun.

Hagnýt þjálfun og reyndir kennarar tryggja miklar framfarir á stuttum tíma. Form námskeiða: Einkapjálfun, samsett námskeið, smáhópur. Tími: Ein vika eða tvær - og í boði allt árið.

Executive
& Professional
Language Training

lingo
MÁLAMIBLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

Tillaga um rammasamninga um gjafsóknarmál

Þá gerir nefndin á vegum ráðuneytisins tillögu um að gerðir yrðu álíka rammasamningar vegna lögfræðipjónustu í gjafsóknarmálum. Starfshópur LMFÍ vísar til sömu raka og að ofan greinir um rammasamninga um verjendastörf en bendir í þessu sambandi á að í 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. MSE felist hinn svokallaði réttur borgaranna til aðgangs að dómstólum. Telur starfshópurinn tillögur nefndarinnar um rammasamning í gjafsóknarmálum brjóta gegn þeim rétti.

Réttargæsla útlendinga

Nefndin leggur einnig til breytingar á lögum um útlendinga nr. 96/2002 um það hvernig þóknun réttargæslumanna skuli ákveðin og af hverjum. Starfshópur LMFÍ telur að núverandi löggjöf um réttarástoð til hælisleitenda og útlendinga sem óska dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga ganga í raun og veru of skammt og því afar lítið svigrúm til að takmarka hana enn frekar. Er það nánar rakið í skýrslu starfshópsins.



Samantekt

Starfshópur LMFÍ telur að ná megi fram sparnaði eða lækkun á sakarkostnaði í sakamálum með öðrum og betri leiðum en lagðar eru til í skýrslu nefndarinnar án þess að það bitni á gæðum rannsókna eða réttarstöðu sakborninga, líkt og telja verður óumflýjanlegt náí tillögur nefndarinnar fram að ganga. Án efa myndu óbreyttar tillögur nefndarinnar leiða til mun verri stöðu sakborninga og má ganga svo langt að fullyrða að sumar tillögurnar brjóti gegn mannréttindum bæði sakborninga og einstaklinga sem hyggjast leita réttar síns fyrir dómstólum landsins, sbr. 70. gr. stjórnarskrár. Reyndir lögmenn muni án efa draga sig út úr verjendastörfum og muni það koma niður á þeirri þjónustu sem sakborningar fá, auk þess sem viðbúið er að þeim málum fjölgi sem að nauðsynjalausau fari í aðalmeðferð. Telur starfshópurinn að tillögur nefndarinnar náí fram afar takmörkuðum, ef nokkrum, sparnaði og það sem verra er: Með tillögum sínum er nefndin að leggja til brot af Íslands hálfu m.a. á c-lið 3. mgr. 6. gr. MSE.

Skákgleði LMFÍ

Meistaramót LMFÍ í skák verður haldið föstudaginn 19. janúar. Mótið verður haldið í húsnæði LMFÍ, Álftamýri 9 og hefst kl. 19:00.

Þátttakendur tilkynni þáttöku til Eyrúnar fyrir fimmtudaginn 18. janúar í síma 568 5620 eða á netfangið eyrun@lmfi.is

Léttar veitingar. Þáttökugjaldi verður stillt í hóf.

Námskeið LMFÍ á vorönn 2007

Ný lög um peningabætti

Nýjar kvaðir eru komnar á lögmennt vegna innleiðingar tilskipunar ESB um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ný lög um þetta taka gildi 1. janúar n.k. Á námskeiðinu verður farið yfir þær kröfur sem gerðar eru með lögunum til lögmanna m.a. um tilkynningaskyldu, innra eftirlit, áreiðanleikakannanir á umbjóðendum og þjálfun starfsmanna svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður farið yfir skyldur lögmanna er þeir stofna til bankaviðskipta og áhrif laganna á trúnaðarskyldu lögmanna.

Kennarar Kristinn Arnar Stefánsson, lögfræðingur hjá Landsbanka Íslands og Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 9. janúar 2007, 15:00-19:00.
Verð Kr. 18.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 14.000,-

Útbodsreglur á EES svæðinu

Opinber innkaup

Fjallað verður um reglur um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt íslenskum rétti. Einkum verður sjónum beint að nýlegum breytingum á reglum Evrópska efnahagssvæðisins á þessu sviði og nýju frumvarpi til laga um opinber innkaup. Þá verður lögð áhersla á réttaráhræði þátttakenda í opinberum innkaupum og nýlegir íslenskir dómur teknir til skoðunar.

Kennari Skúli Magnússon, dósent við lagadeild HÍ og dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 16. janúar 2007, 15:00-18:00.
Verð Kr. 16.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 12.000,-

Höfundaréttur

Á námskeiðinu verður fjallað um nýlegar breytingar á lögum um höfundarétt. Fjallað verður um hvernig tryggja á höfundarétt á internetinu og áhrif tæknilegra ráðstafana sem ætlað er að vernda verk sem falla undir höfundarétt. Í lokin verður farið í stuttlega í ný lög um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkarréttindum.

Kennarar Rán Tryggvadóttir, dósent við HR og Jón Vilberg Guðjónsson, lögfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 23. janúar 2007, 16:00-19:00.
Verð Kr. 18.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 14.000,-

Skráning fer fram hjá félagsdeild
í síma 568 5620 eða með tölvupósti
á netfangið: eyrun@lmfi.is

Áfrýjun og flutningur einkamáls fyrir Hæstarétti

Á námskeiðinu verður farið í tilgang áfrýjunar, form og efni áfrýjunarstefna, kröfugerð, gerð málgagna (ágríps) og öflun nýrra gagna, þ.m.t. vitnamál, form og framsetning greinargerðar, undirbúningur málflyttings, málflytningurinn sjálfur, dómsupplýsing, uppgjör dómkrafa og kynning á niðurstöðu dóms fyrir umbjóðanda, óskráðar hegðunarreglur sem gilda í málflytningu fyrir Hæstarétti, samskiptareglur lögmanna við umbjóðanda sinn, við lögmann gagnaðila, ásamt samskiptum lögmanna við fjölmiðla.

Kennarar Garðar Gíslason hæstaréttardómari og Hákon Árnason hrl. hjá LOGOS.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 6. febrúar 2007, 16:00-19:00.
Verð Kr. 18.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 14.000,-

Frístundabyggðir

Farið verður yfir hvaða reglur gilda um byggingu, eignarhald og rekstur sumarbústaða og frístundahúsa. Fjallað verður um mismunandi réttarstöðu eftir því hvort um leigu- eða eignarlönd er að ræða, um skipulag frístundabyggða o.fl. Til skoðunar koma m.a. ákvæði af vettvangi jarðalaga, skipulags- og byggingarlaga, vatnalaga, auðlindalaga og laga um lax- og silungsveiði.

Kennari Karl Axelsson hrl., hjá LEX
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 8. mars 2007, 16:00-19:00.
Verð Kr. 16.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 12.000,-

Útrásin – Hlutverk íslenskra lögmanna

Fjallað með almennum hætti um hlutverk íslenskra lögmanna í útrásarverkefnum. Hvernig undirbúningi er háttað, ráðning erlendra ráðgjafa, verkstýring, skattaleg uppsetning, áreiðanleikakannanir, skjalagerð, fjármögnun o.s.frv.

Kennari Guðmundur J. Oddsson, hdl. forstöðumaður útibús LOGOS í London
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Föstudagur 23. mars kl. 10:00-13:00.
Verð Kr. 23.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 19.000,-

Vátryggingarsamningar

Yfirlit um efni nýrra laga um vátryggingasamninga.

Fjallað verður um breytingar á réttarsviðinu með tilkomu nýrra laga. Farið verður yfir hverjar helztu skyldur aðilja við stofnun vátryggingasamninga eru, skyldur vátryggðs til að koma í veg fyrir vátryggingaratburð og skyldur aðilja þegar vátryggingaratburður verður og við uppgjör tjóns.

Kennari Viðar Már Matthíasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Alls 6 klst. Mánudagur 2. apríl kl. 16:00-19:00 og Þriðjudagur 3. apríl 2007, kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 22.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 18.000,-

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Lögfræðistofa Kristjáns Stefánssonar

Austurstræti 10a
101 Reykjavík

Málflutningsskrifstofa Skúla Th. Fjeldsted hrl.

Austurstræti 10a
101 Reykjavík

Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Júlíusdóttir lögmennt ehf.

Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

Forum Lögmennt

Aðalstræti 6 - 5.hæð
101 Reykjavík

Guðmundur Pétursson hrl.

Borgartúni 33
101 Reykjavík

Gunnar I. Hafsteinsson hdl.

Hafnarhvoli/Tryggvagötu
101 Reykjavík

Lögmannsstofa Róberts Árna Hreiðarssonar

Hafnarstræti 20
101 Reykjavík

Lögfræðistofa Gunnars Sæmundssonar

Laugavegi 18
101 Reykjavík

Fasteignamál - Lögmannsstofa

Laugavegi 59
101 Reykjavík

Lögfræðistofa Þuríðar Halldórsdóttur hdl.

Hverfisgötu 105
101 Reykjavík

Hilmar Ingimundarson hrl.

Austurstræti 10a
101 Reykjavík

Lögmannsstofan Fortis ehf.

Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hdl.
Laugavegi 7
101 Reykjavík

Lögmennt við Austurvöll

Pósthússtræti 13
101 Reykjavík

Lögmennt Skólavörðustíg 12

Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Jóhann Baldursson hdl.

Ásvallagötu 28
101 Reykjavík

Lögmál ehf.

Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

LPO – Lögmannsstofa

Páls Ólafssonar hdl.
Klapparstíg 16
101 Reykjavík

Lögmannsstofa Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur

Klapparstíg 1
101 Reykjavík

Tjónamat og skoðun ehf.

Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

Atvinnuhús ehf.

Atli Vagnsson hdl.
Skúlagötu 30, 4.hæð
101 Reykjavík

Gunnar Helgason hdl.

Vesturgötu 7
101 Reykjavík

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna

Árlega hittast formenn, varaformenn og framkvæmdastjórar allra norrænu lögmannafélaganna á sérstökum fundi, svokölluðum forsætisfundi, til að ræða sameiginleg hagsmunamál félaganna og það sem hæst ber í málefnum lögmannanna hverju sinni. Fundur norrænu lögmannafélaganna fór að þessu sinni fram í Osló í Noregi dagana 20. – 21. október sl.

Á dagskrá fundarins voru þrjú megin viðfangsefni auk þess sem lagðar voru fram og ræddar upplýsingaskýrslur um helstu viðfangsefni sérhvers félags undanfarið ár.

Samskipti lögmannafélaga og stærri lögmannsstofa

Fyrsta mál á dagskrá fundarins snéri að samskiptum lögmannafélaganna og stærri lögmannsstofa. Fulltrúar tveggja af stærri lögmannsstofum Noregs höfðu framsögu um málefnið og fjölluðu um hvernig hagsmunir stærri stofa færu saman við hagsmuni lögmannafélaganna og hverjir væru helstu núningfletir í samskiptum þeirra. Fram kom að um 40% félagsmanna norska lögmannafélagsins koma frá stærstu stofunum þar í landi auk þess sem þessar sömu stofur standa undir meirihluta nýliðunar í lögmannastéttinni. Mat framsögumanna var að í framtíðinni ætti þessi þróun eftir að eiga sér stað í enn ríkari mæli en nú og þá á kostnað smærri og meðalstórra stofa. Stærri lögmannsstofurnar væru einnig drifkraftur þróunar innan lögmannastéttarinnar, m.a. vegna útrásar þeirra og alþjóðlegrar þjónustu, tækisþróunar og sérfræðisþekkingar. Til þess að tryggja að þessar stóru stofur og lögmannafélögin væru samstíga í framtíðinni, yrðu félögin að setja sig betur inn í samkeppnisstöðu stóru stofanna og þá í því samhengi að um væri að ræða samkeppni í alþjóðlegu umhverfi en ekki einungis á innanlandsmark-

aði eins og raunin væri með starfsemi smærri lögmannsstofa. Skoða yrði það regluverk sem snéri að lögmannastéttinni í alþjóðlegu samhengi og félögin þyrftu að búa sig undir að vera málsvavarar stofanna á þeim forsendum. Þetta ætti m.a. við um aukna möguleika á takmörkun ábyrgðar lögmannanna í ljósi viðameiri og áhættusamari hagsmunagæslu sem fylgdu stærri verkefnum. Lögmannafélögin yrðu einnig að þróast í þá átt að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis gagnvart stjórnvöldum í nafni fyrirtækja en ekki bara einstaklinga eins og verið hefur. Einnig að vera opinber málsvari stærri stofa utanlands ekki síður en innanlands. Lögmannafélögin og stóru stofurnar yrðu að marka sér stefnu um það hvernig hægt sé að mæta þeim ólíku þörfum og kröfum sem fylgja rekstri stærri stofa á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

Aga- og eftirlitshlutverk lögmannafélaga

Annað viðfangsefni fundarins snéri að aga- og eftirlitshlutverki lögmannafélaganna gagnvart lögmönnum. Fundarmenn voru sammála um að markmiðið væri að viðhalda kerfi sem m.a. væri gagnsætt, hlutlaust og skilvirkt. Nokkur áherslumunur var hins

vegar milli félaganna varðandi það hvernig hægt væri að ná þessum markmiðum, t.d. hvað varðar gagnsæi, m.a. út frá því hvort birta ætti nöfn hlutadeigandi lögmannanna í öllum tilvikum í niðurstöðu úrskurðar- eða aganefnda, aðeins í alvarlegustu málunum eða hvort gilda ætti alger nafnleynd. Þessi áherslumunur endurspeglast í mismunandi framkvæmd félaganna þar sem allar framangreindar útfærslur á birtingu úrskurða eru til staðar. Hins vegar voru fulltrúar félaganna sammála um að mikilvægt væri að tryggja skilvirkni úrskurðar- og aganefnda og tryggja hraða og markvissa málsmeðferð.

Þjónusta lögmannafélaga

Þriðja málefnið sem tekið var fyrir á þessum fundi varðaði þjónustu lögmannafélaganna við neytendur eða væntanlega kaupendur lögmannsþjónustu. Þar var m.a. rætt um möguleika internetsins við upplýsingagjöf, lögfræðilega ráðgjöf og til að auka aðgengi almennings að lögmönnum. Norrænu lögmannafélögin hafa reyndar á undanförunum árum unnið markvisst að því að auka upplýsingar um lögfræði á netinu og tryggja betra aðgengi almennings að lögmönnum. Norska



lögmannafélagið kynnti nýtt tæki sem það hefur látið hanna en um er að ræða sérstaka heimasíðu – www.advokaten-hjelperdeg.no – þar sem almenningur getur með tiltölulega einföldum hætti framkvæmt þarfagreiningu á lagalegri stöðu sinni og um leið fengið margs

konar leiðbeiningar og fróðleik um það hvernig best sé að tryggja stöðu sína. Með þessu getur fólk séð hvaða þætti það þarf hugsanlega að leita aðstoðar lögmanns með og tengjast þá inn á síðu með upplýsingum um lögmennt sem starfa á viðkomandi réttarsviðum.

Ekki er ólíklegt að hin norrænu lögmannafélögin fylgi í fótspor norska lögmannafélagsins og þróa samskonar tæki þegar fram líða stundir.

Ingimar Ingason

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Landslög lögfræðistofa

Hafnargötu 31
230 Keflavík

Lögmannsstofa Arnar Höskuldssonar

Kjarna, Þverholti
270 Mosfellsbæ

Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.

Borgarbraut 61
310 Borgarnesi

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf.

Aðalgötu 2
340 Stykkishólmi

Jón Ísberg hrl.

Brekkubyggð 36
540 Blönduósi

Lögsýn ehf.

Aðalstræti 24
400 Ísafirði

Lögmannsstofa Stefáns Ólafssonar ehf.

Þverbraut 1
540 Blönduósi

Lögmannsstofan Lögmannshlíð

Ráðhústorgi 3
600 Akureyri

Lögmannsstofan ehf.

Strandgötu 29
600 Akureyri

Lögfræðistofa Adolfs Guðmundssonar hdl.

Langatanga 5
710 Seyðisfirði

Málflutningskrifstofan ehf.

Austurvegi 6
800 Selfossi

Lögmenn Suðurlandi ehf.

Ólafur Björnsson hrl.
Sigurður Sigurjónsson hrl.
Austurvegi 3
800 Selfossi

Sigurður Sveinsson hdl.

Ástjörn 7
800 Selfossi

Regula Lögmannsstofa ehf.

Egilsstöðum
Reyðarfirði
Hornafirði
Húsavík
Reykjavík

Af Merði lögmanni

Mörður skar augað úr og stakk því upp í sig með hnífnum. Eftir að móðir hans sáluga féll frá fékk hann ekki svið nema á matsölustöðum og um árabíl hafði hann vanið komur sínar á BSÍ. Hann lagði stundum til við kollegana sem voru í hádegishléi í Héraðsdómi Reykjavíkur að þeir kæmu með honum út á BSÍ til sviðaáts en þeir færust nær undantekningarlaust undan. „Of langt;“ „tekur því ekki að hreyfa bilinn“ var viðkvæðið hjá þeim og sumir settu upp frekar furðulegan svip. Þess í stað var pulsa með kransæðakítu tekin fram yfir þjóðlegan og góðan mat.

En svo kom Mýrin í bíó og síðustu vikurnar hefur Mörður stöðugt verið að rekast á félagu úr lögmennastéttinni á BSÍ, slafrandi í sig svið með sama fagmannlega hættinum og forfeðurnir. Mörður horfði einmitt á þrjá lögmenn í yngri kantinum sem sátu saman við eitt borðið, meðan hann tuggði á hnakkaspikinu. Huggulegasta fólk og hann vissi að þau voru betur klædd en hann, að maður tali nú ekki um bilakostinn þeirra. En Mörður fann, aldrei þessu vant, ekki til neinnar minnimáttarkenndar. Hann var sannfærður um eigið ágæti sem lögmans. Staðfesta. Það var orðið. Mörður var ekki áhrifagjarn. Þetta sviðaátsæði sannaði hins vegar að stór hluti kolleganna voru bara flöktandi strá sem hreyfðust eftir vindi.


„Já, það er margt breytt“ hugsaði Mörður með sér. Lögmenn eru ekki bara sólgirnir í að éta svið nú um stundir – þeir þrjá líka að standa á því. Baða sig í sviðsljósinu. Mörður gjóaði augunum aftur á þessa þrjá ungu lögmenn. Var annar strákurinn ekki alltaf að gapa eitthvað í fjölmiðlum? Stjórnulögmaður! Merði var alltaf meinilla við þegar mál sem hann tók að sér voru flutt í fjölmiðlum. Honum virtust það alltaf vera sömu lögmennirnir sem voru með svo merkileg mál að um þau þyrfti að fjalla í dagblöðunum eða á öldum ljósvakans. Voru þetta óskir umbjóðenda þeirra eða var þetta „ex officio“ skynjun lögmanna á því að „júsinn“ í málinu átti ekki bara erindi við dómstóla heldur allan almenning líka. Mörður leit aftur á stjórnulögmanninn. Það skipti ekki máli hvaða kjaftapáttur það var, eða hvort verið væri að ræða um réttarstöðu burðardýra eða gæludýra, alltaf var hann kominn og hafði skoðun á öllu. Jafnvel þótt hann hefði ekki kynnt sér það mál sérstaklega sem til umfjöllunar var í það og það skiptið. Mörður hugsaði með sér að meiri hluti lögmanna hlyti enn að vera sama sinnis og hann og væri þar af leiðandi tregur til að láta sínar skoðanir uppi hvenær sem einhver fjölmiðill kallaði. Þess vegna yrðu vesalings fjölmiðlamennirnir alltaf að kalla í sama fólk til að fylla upp í þættina sína. „Kannski er þetta bara fyrsta skrefið í prófskjör fyrir einhvern flokkinn“ hugsaði Mörður og mátaði stjórnulögmanninn inn í hina ýmsu stjórnmalaflokka, um leið og hann fylgist með honum hverfa út í norðan garrann með félögum sínum.

Eftir erfiða vinnuhelgi var Mörður sestur fyrir framan sjónvarpið á sunnudagskvöldi. Edduverðlaunin í beinni – vinsældakosning sjónvarpsmanna. Ætli stjórnulögmaðurinn sé að reyna að ná í Edduna? Þetta var síðasta hugsun Marðar áður en hakan seig niður í bringu og hann byrjaði að hrjóta.



ENHMM / ISA

EKKI SEINNA EN NÚ ÞEGAR

 KB BANKI

Byrjaðu strax að leggja grunninn að fjárhagslegu frelsi þínu svo þú eigir kost á að gera það sem þú vilt – þegar þú vilt. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444 7000 eða á kbbanki.is – ekki seinna en nú þegar!

Þegar er fjármálaráðgjöf og langtímasparnaður.



Hugarflugsfundur FKL. F.v. Guðfinna Guðmundsdóttir, Katrín Theodórsdóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir, Sif Thorlacius, Sjöfn Kristjánsdóttir og Ingibjörg Bjarnardóttir.

Félag kvenna í lögmennsku Hugarflug og tengslafundur

Hugarflug

Þann 20. október sl. stóð stjórn Félags kvenna í lögmennsku, FKL, fyrir sérstökum hugarflugsfundi. Tilgangur félagsins er m.a. að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmennastéttinni en félagið hefur starfað síðan í mars 2004. Í upphafi fundar unnu konur hugmyndavinnu í hópum og í framhaldinu voru umræður. Konur tóku vel við sér og fjölmargar góðar hugmyndir komu fram um áherslur og leiðir félagsins. Það er síðan verkefni stjórnar FKL að vinna úr þessum efnivið en nú þegar er ráðgert að halda ráðstefnu í byrjun næsta árs um mál efni kvenna í lögmennsstétt.

Töluverð umræða skapaðist um hagsmunamál kvenna í lögmennsku og hvernig beita mætti félaginu til hagsmunagæslu. Konur voru sammála um mikilvægi þess að styrkja tengsl kvenna í stéttinni og um nauðsyn þess að halda félagsfundi reglulega þar sem hlustað væri á erindi, farið í skemmtiferðir eða stunduð saman útivist. Fyrirkomulag fundarins um hugarflug var einkar skapandi vett-

vangur til umræðu um málefni félagsins og árangursrík leið til að virkja félagskonur.

Sameiginlegur fundur félaga

Fimmtudaginn 23. nóvember var FKL boðið á kynningarfund ásamt félögum kvenna í endurskoðun, lækisfræði og verkfræði. Fundurinn var haldinn í boði Orkuveitu Reykjavíkur en í upp-

hafi héldu formenn félaganna kynningu á starfsemi þeirra. Þessi félög eiga það sameiginlegt að hafa að markmiði að efla og styrkja tengsl kvenna innan sinna vébanda en fram til þessa hafa konur verið í minnihluta í flestum þessara starfsstétta. Mikil ánægja var með þennan fund og FKL vonast eftir áframhaldandi samstarfi með félögum.

Margrét Gunnlaugsdóttir



Á sameiginlegum fundi félaga. F.v. Vala Valtýsdóttir, formaður FKL, og gestgjafinn Anna Skúladóttir, formaður félags kvenna í endurskoðun.



Eyrún Ingadóttir


Þann 11. desember voru liðin 95 ár síðan sautján lögfræðingar stofnuðu Málflutningsmannafélag Íslands sem síðar var breytt í Lögmannafélag Íslands. Helsti tilgangur félagsins í upphafi var að gæta hagsmuna málflutningsmanna, svo sem efla samvinnu milli þeirra og samræma laun, en síðar fór félagið að starfa að almennum faglegum málefnum lögfræðinga. Blaðið Suðurland sagði frá stofnun félagsins en það var gefið út á Eyrarbakka og hafði sérstakan fréttaritara í Reykjavík. Í frétt blaðsins sagði frá því að málafræslumenn í Reykjavík hefðu stofnað félag til að vernda réttindi sín og koma í veg fyrir að þeir yrðu féflettir!

Á sama tíma voru fréttir í blöðum landsmanna um að kvenréttindakonur í Englandi létu illa og voru þær kallaðar pilsvargar, Fjalla-Eyvindur var auglýstur sem jólasýning Leikfélags Reykjavíkur og kappglíma milli Sigurjóns Péturssonar og H. Svendsens var háð fyrir troðfullu húsi. Svoleiðis var nú veröldin þá.

Námskeið haustannar

Í haust voru auglýst sex námskeið á vegum félagsdeildar LMFÍ. Haldin voru fimm námskeið og var aðsókn að þeim ágæt. Einu námskeiði var frestað þar sem þátttaka var á mörkunum með að vera nægileg en stefnt er að því að halda það á næsta ári.

Námskeið vorannar eru auglýst á öðrum stað í blaðinu en eins og venjulega hefur gengið mjög vel að fá sérfræðinga í hinum ýmsu greinum lögfræðinnar til að kenna á þeim. Það er til mikillar fyrirmyndar hvað lögmennt og lögfræðingar eru tilbúnir til að miðla af þekkingu sinni og reynslu til kollega sinna. Lögmennt eru hvattir til að láta starfsmann félagsdeildar vita ef þeir hafa óskir um námskeið á ákveðnum



Frétt Suðurlands af stofnun félags málflutningsmanna árið 1911.

sviðum lögfræðinnar eða til gamans og skemmtunar. Við fögnum öllu slíku.

Skákgleði

Félagsdeild blæs til meistaramóts LMFÍ í skák í fyrsta skipti í a.m.k. áratug og ber viðburðinn upp á fyrsta dag þorra, sjálfan bóndadaginn 19. janúar 2007. Ætlunin er að eiga saman skemmtilega kvöldstund við skákborðið og í lokin að krýna skákmeistara LMFÍ árið 2007. Ég hvet alla áhugamenn til að mæta. Þátttökugjaldi verður stillt í hóf.

Gleðileg jól!

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi:

Soffía Ólöf Ketilsdóttir hdl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur
Vegmúla 2
108 Reykjavík
Sími: 515-7409
Fax: 515-7401

Anna Svava Þórðardóttir hdl.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Bæjarhrauni 18
220 Hafnarfjörður
Sími: 454-2400
Fax: 565-1199

Nýr vinnustaður:

Tómas Eiríksson hdl.

KB banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6171
Fax: 444-6189

Eiríkur S. Svavarsson hdl.

Virtus Lögmenn
Laugavegi 170
101 Reykjavík
Sími: 414-3200
Fax: 414-3249

Hildur Sólveig Pétursdóttir hdl.

Virtus Lögmenn
Laugavegi 170
101 Reykjavík
Sími: 414-3200
Fax: 414-3249

Björn Líndal hdl.

Virtus Lögmenn
Laugavegi 170
101 Reykjavík
Sími: 414-3200
Fax: 414-3249

Ragnar Baldursson hdl.

Pacta – Málflutningur & ráðgjöf
Laugavegi 95-99
101 Reykjavík
Sími: 440-7900
Fax: 440-7901

Eva Margrét Ævarsdóttir hdl.

Lex ehf
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2640

Kolbeinn Árnason hdl.

LOGOS
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Elva Ósk S. Wiium hdl.

Ernst & Young hf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 595-2500
Fax: 595-2501

Sigurður I. Halldórsson hdl.

Lögmannsstofa Sigurðar I.
Halldórssonar
Suðurlandsbraut 8, 3.hæð
108 Reykjavík
Sími: 464-0496
Fax: 464-0495

Hörður Helgi Helgason hdl.

Lögmenn Skólavörðustíg 12
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Sími: 562-1018
Fax: 562-9666

Erlendur Þór Gunnarsson hdl.

Opus lögmenn ehf.
Austurstræti
101 Reykjavík
Sími: 552-2299
Fax: 552-2298

Grímur Sigurðarson hdl.

Opus lögmenn ehf.
Austurstræti
101 Reykjavík
Sími: 552-2299
Fax: 552-2298

Oddgeir Einarsson hdl.

Opus lögmenn ehf.
Austurstræti
101 Reykjavík
Sími: 552-2299
Fax: 552-2298

Nýtt aðsetur:

Guðmundur Örn Guðmundsson hdl.

Ármúla 21
108 Reykjavík
Sími: 555-3033
Fax: 565-2423

Lögfræðistofa Valgeirs Kristinssonar hrl.

Síðumúla 35, 2.hæð
108 Reykjavík
Sími: 564-2080
Fax: 564-2081

Þorbergsson & Loftsdóttir sf.

Suðurlandsbraut 4a, 3.hæð
108 Reykjavík
Sími: 552-7500
Fax: 552-7501

Landslög

Reykjavíkurrútibú
Köllunarklettsvegi 2
104 Reykjavík
Sími: 520-2900
Fax: 520-2901



Þorsteinn Einarsson hrl.

Hálkudómur í Hæstarétti

Þann 16. nóvember sl. var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í málinu nr. 198/2006 en þar var fjallað um skaðabótakröfu starfsmanns sjálfstæðs verktafa á hendur verkkaupa vegna vinnuslyss.

Atvik voru þau að starfsmaður verktakans, sem hafði með höndum ræstingu í húsnæði verkkaupans, slasaðist er hann rann í hálfu á bílastæði við hús verkkaupans, þegar starfsmaðurinn bar ruslapoka í ruslagám er staðsettur var handan bílastæðisins. Í málinu var ágreiningur um hvort um skaðabótaskyldu atvik hafi verið að ræða, hvort skaðabótakröfu yrði beint gegn verkkaupnum og um viðmiðunartekjur við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku. Með dóminum er því slegið föstu að verkkaupi beri ábyrgð á því að vinnueftirliti sé tilkynnt um slys starfsmanns sjálfstæðs verktafa er starfar í þágu hins fyrrnefnda á starfsstöð hans. Við lestur dómsins vaknar sú spurning hvort um sé að ræða stefnubreytingu varðandi skaðabótaskyldu atvinnurekanda þegar starfsmaður rennur í hálfu á vinnusvæði utanhúss.

Hæstiréttur féllst á að verkkaupinn væri skaðabótaskyldur en taldi starfsmanninn sjálfan eiga nokkra sök á slysinu. Meirihluti Hæstaréttar lét starfsmanninn bera helming tjóns síns en minnihlutinn taldi rétt að starfsmaðurinn bæri sjálfur tjón sitt að einum þriðja hluta. Niðurstaða Hæstaréttar um

skaðabótaskyldu verkkaupans byggir á því að rétturinn telur að verkkaupinn hafi ekki sem skyldi sinnt þeim skyldum sem á honum hvíldu til að tryggja öryggi starfsmannsins þegar hann fór með ruslapoka yfir hált bílastæðið. Af lestri dóms Hæstaréttar má ráða að mestu hafi skipt um þessa niðurstöðu réttarins að verkkaupinn lét hjá líða að tilkynna slysið til vinnueftirlitsins en af þeim sökum fór ekki fram rannsókn á vettvangi og tildrögum slyssins. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m.a. að þar sem slysið hafi ekki verið rannsakað lögum samkvæmt hafi ekki legið fyrir upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- Hver hafi verið staðsetning gámsins.
- Um gerð gámsins, hvort lyfta þurfti ruslapokanum upp til að koma honum í gáminn og þá hversu hátt.
- Hvort snjóbræðslukerfi hafi virkað á slysdegi, hvernig því var fyrir komið eða hversu langt það náði frá húsinu.
- Hvort reynt hafi verið að bera sand eða salt á bílaplanið á slysdegi.
- Um ruslapokann sem starfsmaðurinn bar, innihald hans, þyngd o.fl.

Þar sem rannsókn vinnueftirlitsins fór ekki fram lét Hæstiréttur verkkaupann bera hallan af skorti á sönnun í mál-

inu um fyrrgreind atriði sem rétturinn taldi geta haft áhrif á sakarmat og sem rétturinn taldi óljós.

Í málinu lá fyrir að það var hluti af starfsskyldum starfsmannsins að fara með ruslapoka í gám er stóð handan bílastæðis. Þá lá fyrir í málinu að hálfka var á bílastæðinu í umrætt sinn, 7 stiga frost, hvasst og snjócoma. Þær aðstæður gátu vart talist óvenjulegar í lok desember og því þurfti hálfka á bílastæðinu ekki koma starfsmanninum á óvart. Hæstiréttur er þeirrar skoðunar að starfsmaðurinn hafi mátt gera sér grein fyrir hálkunni enda segir í forsendum réttarins fyrir niðurstöðu um eigin sök starfsmannsins:

„Henni ber, eins og vinnandi fólki almennt, að gæta að sér við vinnu sína eftir því sem sanngjarnt og eðlilegt verður talið. Hún hafði unnið á staðnum um nægjanlega langan tíma til að vera orðin kunnug aðstæðum og bar að sýna ytrustu aðgæslu er hún flutti ruslapokann yfir bílaplanið í ruslagáminn við þær aðstæður sem fyrr var lýst.“

Eins og áður segir taldi Hæstiréttur að þrátt fyrir að starfsmanninum hafi mátt vera ljósar aðstæður á bílaplaninu hafi verkkaupinn ekki sinnt sem skyldi að tryggja öryggi starfsmannsins er hann bar ruslapokann yfir bílaplanið. Í ljósi þeirrar niðurstöðu er umhugsunarefni hverjar þær skyldur voru sem verkkaupinn ekki sinnti að mati Hæstaréttar. Um þær skyldur vísar

Hæstiréttur til 1. gr., 13. gr., 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980, til 6. gr. reglna nr. 499/1994 og til d liðar 3. tl. 41. gr. reglna nr. 581/1995. Í fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 er að finna þá vísireglu að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í 6. gr. reglna nr. 499/1994 er mælt fyrir um að umferðarleiddir, þar sem byrðar eru handleiknar, skuli vera greiddfærar til að koma í veg fyrir hættu á að starfsmenn renni til, hrasa o.s.frv. Þá er mælt fyrir um í d lið 3. tl. 41. gr. reglna nr. 581/1995 að vinnustaður utanhúss skuli eins og kostur er skipulagður á þann hátt að starfsmenn renni ekki til eða detti.



Í málinu var á því byggt af hálfu starfsmannsins að ruslapokinn hafi verið stór og þungur og að sú byrði hafi átt þátt í að slysið varð. Mér sýnist sú staðreynd, að ekki var upplýst um þyngd og eðli þeirrar byrðar, hafa ráðið mestu um þá niðurstöðu Hæstaréttar að fella bótaskyldu á atvinnurekandann og fær sú niðurstaða stöð í 6. gr. reglna nr. 499/1994. Ég tel hins vegar ekki rétt að draga þá ályktun af þessum dómi að hann sé fordæmi þess að bótaábyrgð verði jafnan lögð á atvinnurekanda í þeim tilvikum er starfsmaður rennur í hálfu á vinnusvæði utanhúss.

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Lögfræðipjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl.

Flókagötu 65
105 Reykjavík

GHP Lögmannsstofa

Hátúni 6a
105 Reykjavík

Hrafnkell Ásgeirsson hrl.

Kleppsvegi 46
105 Reykjavík

Herdís Hallmarsdóttir hdl.

Laugavegi 182
105 Reykjavík

Lögmenn Laugardal ehf.

Laugavegi 182
105 Reykjavík

Lögmenn Björgvin Jónsson hrl. og Ágúst Sindri Karlsson hdl.

Skipholti 50d
105 Reykjavík

Lögmannsstofa Jóns G. Briem hrl.

Skipholti 50b
105 Reykjavík

Skúli Bjarnason hrl.

Skipholti 50c
105 Reykjavík

Landwell

Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

Kollekta ehf.

Suðurlandsbraut 30
105 Reykjavík

Steingrímur Eiríksson hrl.

Suðurlandsbraut 4
105 Reykjavík

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Granaskjólí 90
107 Reykjavík



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.

Dollý-dómurinn

Dómur Hæstaréttar
9. nóvember 2006 í máli nr.
150/2006, Bjarkar Sæbjörn
Adolfsson gegn Sjóvá-
Almennum tryggingum hf.

Málavextir

Málavextir voru þeir að áfrýjandi varð fyrir slysi þegar hann var að flytja óökufæra bifreið milli staða með sérútbúinni dráttarbifreið. Hluti af búnaði dráttarbifreiðarinnar er hjólastell sem nefnt er „dollý“, sem er sett undir laskaðan hjólabúnað bifreiða svo hægt sé að draga þær. Slysið varð þegar áfrýjandi var að losa laskaða bifreið af hjólastellinu með þar til gerðri járnstöng sem er hluti búnaðarins. Við þetta losnaði járnstöngin úr spennu-
stöðu og slengdist af miklu afli í höfuð

áfrýjanda sem slasaðist alvarlega við höggið.

Notkun eða ekki notkun bifreiðar

Í málinu reyndi á hvort slys áfrýjanda yrði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 2. mgr. 92. gr. sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum.

Umræddur búnaður bifreiðarinnar, hið svokallaða dollý, er hvorki knúinn sérstaklega af aflvél dráttarbifreiðarinnar né áfastur við hana. Búnaðurinn fylgir hins vegar dráttarbifreiðum eins og þeirri sem áfrýjandi átti og vann við og er hluti af sérhæfðum fylgibúnaði slíkra dráttarbifreiða. Búnaðurinn er nauðsynlegur þegar bifreiðir með laskaðan hjólabúnað eru fluttar. Affermingu bifreiðarinnar var ekki lokið þegar slysið varð.

Í ákvörðunarástæðum Hæstaréttar kemur fram að afferming skemmdirar bifreiðar frá dráttarbifreið sé þáttur í notkun þeirrar síðarnefndu. Svo segir orðrétt:

„Samkvæmt framanrituðu varð slys áfrýjanda við notkun tækis sem heyrði til edlilegs og nauðsynlegs búnaðar dráttarbifreiðar og við venjubundin not hennar sem slíkrar. Áfrýjandi átti dráttarbifreiðina og notaði hana í rekstri sínum. Í umrætt sinn var hann að afferma laskað ökutæki sem hann var að flytja með dráttarbifreiðinni og var því við stjórn hennar í skilningi 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Eins og aðstæðum er hér háttáð skulu stefndu bera feliðbyrgð á tjóni áfrýjanda samkvæmt 2. mgr. 92. gr., sbr. 88. gr. umferðarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1998.“

Þá var ekki talið að áfrýjandi ætti að bera tjón sitt að einhverju leyti sjálfur.



Ljóst er af ákvörðunarástæðum Hæstaréttar að þessi dómur er í samræmi við nokkra fyrri dóma réttarins, þ. á m. *H 1997:1071* og *H 2001:3080*, þar sem fram kemur í ákvörðunarástæðum að lagt er til grundvallar að lestun og losun bifreiða sé þáttur í notkun þeirra. Talið var í þeim málum að bifreiðirnar hafi verið í „venjulegri og eðlilegri notkun“ sem vörubifreiðar, og bótaábyrgð skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga staðfest. Í þessum tveim málum varð tjón vegna notkunar búnaðar sem knúinn var af aflvél flutningabifreiðar en í öðrum dómum Hæstaréttar varð tjón vegna notkunar bifreiðar og búnaðar hennar sem ekki var knúinn af aflvélinni. Niðurstaða

Hæstaréttar í þeim málum var sú sama. Dæmi *H 1995:856*, *H 1995:1729* og *H 1996:3141*.

Sá dómur sem hér er til umfjöllunar er því í samræmi við fyrrnefnda dóma Hæstaréttar og þeir allir í samræmi við niðurstöðu Arnljótar Björnssonar í bók hans *Ökutæki og tjonabætur* (2003), bls. 41. Þar segir Arnljótur:

„Telja má, að aðalreglan sé sú, að tjóns- atvik, sem orsakast beinlínis af vél bifreiðar í gangi og öðrum tækjum, er heyrta til eðlilegs útbúnaðar til þess að ferma og afferma flutningabifreið á venjulegan hátt, verði álitin afleiðing notkunar ökutækis í merkingu 88. gr.“

Hér er áherslan réttilega á eðlilegan búnað og tæki til fermingar og affermingar flutningabifreiðar óháð því hvort búnaðurinn er knúinn af vélarafli bifreiðarinnar eða ekki.

Sératkvæði

Í sératkvæði þessa hæstaréttarmáls nr. 150/2006 kom fram túlkun á fyrrnefndum ákvæðum umferðarlaga, sem er að álitu undirritaðs í ósamræmi við fyrrnefnda dóma Hæstaréttar og þá meginreglu sem Arnljótur Björnsson byggði á þeim.

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Lögron ehf.

Katrín Theodórsdóttir hdl. LL.M
Ásvallagötu 2
101 Reykjavík

Lögmansstofa

Björgvins Þorsteinssonar hrl.

Tjarnargötu 4
101 Reykjavík

Themis ehf. Lögmansstofa

Pósthússtræti 7
101 Reykjavík

LOGOS lögmansþjónusta

Efstaleiti 5
103 Reykjavík

Lögmenn Húsi Verslunarinnar

Kringlunni 7
103 Reykjavík

Lögmansstofa Kristínar Briem

Húsi Verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Löggardur ehf.

Kringlunni 7, 7. hæð
103 Reykjavík

Lögmansstofa Jóns Egilssonar hdl. og Auðar Bjargar Jónsdóttur hdl.

Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

Lex ehf.

Sundagörðum 2
104 Reykjavík

Lögmansstofan Skipholti sf.

Bolholti 6
105 Reykjavík

Lögmenn Borgartúni 18 sf.

Borgartúni 18
105 Reykjavík

Lögmenn Borgartúni 33

Einar Gautur Steingrímsson hrl.
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Fasteignasalan Gimli ehf.

Grensásvegi 13
108 Reykjavík

JP Lögmenn ehf.

Lágmúla 5
108 Reykjavík

Kjartan Reynir Ólafsson hrl.

Háaleitisbraut 68
108 Reykjavík

B & B lögmenn ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Lagastoð ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Juris lögmennsstofa -

Legalis innheimtuþjónusta
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Lögmennsstofa Marteins Mátssonar ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Brynjar Níelsson hrl.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Mörkin lögmennsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Lögmennstofan Suðurlandsbraut 4 ehf.

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Borgarlögmenn

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Juralis – lögfræði- og innheimtustofa

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Fulltingi ehf. lögfræðiþjónusta

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Guðmundur Ágústsson hdl.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Eignamiðlunin ehf.

Síðumúla 21
108 Reykjavík

Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.

Vegmúla 2
108 Reykjavík

Lögmenn Höfðabakka

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Lögmennsstofa Ólafs Ragnarssonar hrl.

Lynghálsi 4
110 Reykjavík

Lögmenn Árbæ –

Steingrímur Þormóðsson hrl. og
Þormóður Skorri Steingrímsson hdl.
Nethyl 2
110 Reykjavík

Deloitte hf.

Stórhöfða 23
110 Reykjavík

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.

Hlíðarhús 3
112 Reykjavík

Lög og réttur ehf.

Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Gunnar Guðmundsson hdl.

Eiðistorgi 17
170 Seltjarnarnesi

Logik ehf. Lögmansstofa

Hlíðarsmára 15
201 Kópavogi

Lögmansstofa Loga Egilssonar ehf.

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi

Lögmansstofa Rúnars S.Gíslasonar

Bæjarhrauni 6
220 Hafnarfirði

Lögfræðistofa Hafnarfjarðar

Strandgötu 25
220 Hafnarfirði

Lögmenn Bæjarhrauni 8 sf.

Guðmundur Kristjánsson hrl.
Hlöðver Kjartansson hrl.
Bæjarhrauni 8
220 Hafnarfirði

Lögmenn Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11
220 Hafnarfirði

Lögmenn Hafnarfirði ehf.

Reykjavíkurvegi 60
220 Hafnarfirði

Lögfræðimiðstöðin ehf.

Þórdís Bjarnadóttir hdl.
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði

Sáttamannanám á vegum Sáttar félags um sáttamiðlun

Sátt býður í fyrsta sinn á Íslandi uppánám í sáttamiðlun. Sáttamiðlun er ný og áhrifamikil aðferð til að leysa úr ágreiningi. Sáttamiðlun hefur náð mikilli útbreiðslu og vegur hennar vex stöðugt. Úrlausn ágreinings er verkefni sem fagaðilar standa æ oftast frammi fyrir. Það er því mikilvægt fyrir þá að ná tökum á þessari aðferð þannig að þeir geti tekið á slíkum málum á faglegan og farsælan hátt.

Sáttamannanám er þverfaglegt nám þar sem gefst tækifæri til að læra bæði kenningalegan grunn sáttamiðlunar og verklegan þátt hennar. Sáttamannanám byggir á þrem grunnþáttum, það er byggt á niðurstöðum rannsókna, það er alþjóðlegt en einnig er tekið tillit til sér íslenskra aðstæðna. Lögð verður áhersla á að námið muni standast framtíðarkröfur EB um gæði námsins og hæfni útskrifaðra sáttamanna.

Námið hefst í febrúar 2007 og fer

fram í þremur lotum alls sjö kennsludaga.

- Fyrsta lotan verður 15. - 16. febrúar 2007, þá fer fram kynning á sáttamiðlun og farið verður í kenningalegan grunn hennar ásamt síðfræði. Kennarar verða Pia Deleuran, lögmaður, sáttamaður og sáttamaður hjá dómstól og Vibeke Vindeløv doktor í lögum, prófessor og sáttamaður.

- Önnur lotan verður frá 8. - 10. mars en þá fer fram þjálfun í að beita sáttamiðlun með áherslu á sáttamiðlun í viðskiptum. Kennarar Pia Deleuran, og Lawrence Kershen, lögmaður og sáttamaður.

- Þriðja og síðasta lotan verður frá 26.-27. apríl, útskrift þann 27 apríl 2007. Kennarar Pia Deleuran og Henry Brown fyrrum lögmaður og sáttamaður. Í þessari lotu verður farið í gegnum kenningar og haldið áfram með þjálfun sáttamanna með áherslu á ágrein-

ing í persónulegum samböndum. Þá fá nemar handleiðslu og ráðgjöf.

Náminu er viljandi dreift á þrjá mánuði en þannig fá þátttakendur tækifæri til að nýta það smám saman í starfi sínu. Einnig fá þeir þá lengri tíma til að tileinka sér námsefnið sem er nokkuð mikið. Að loknu náminu fá þátttakendur viðurkenningarskjal.

Markmið Sáttar er að fá nám þetta viðurkennt á Íslandi, við það fengju þátttakendur réttindi til að kalla sig sáttamenn og starfa sem slíkir fyrir dómstólum, stjórnvöldum og á öðrum vettvangi.

Til að skrá sig og/eða fá frekari upplýsingar um námið má skrá sig með því að senda póst á netfang satt@satt.is eða logsatt@simnet.is

Námskeiðsgjald er áætlað kr 250.000,-. Innfalið í gjaldinu er allur kostnaður þ.m.t kennsla, námskeiðsgögn, fæði og gisting. Áætlaður bóka-kostnaður er ca. kr. 30.000.



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtupjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is